

# Börn lögð inn á geðdeildir fyrir fullorðna

Úrræði skortir fyrir börn og ungmenni sem glíma við geðraskanir og vímuefnavanda, að mati Geðhjálpár. Dæmi eru um að börn séu lögð inn á geðdeildir eða meðferðarheimili fyrir fullorðna.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpár, segir brýnt að koma á fót sérhæfðri vímuefnameðferð fyrir ungmenni sem glíma við tvíþættan vanda, geðraskanir og vímuefnavanda. Skortur sé á heildarsýn og einstaklingsbundinni þjónustu. „Það er mikill skortur á eftirfylgni, það eru kannski skammtímaúrræði, og síðan eru börnin bara send heim og það er ekkert sem tekur við.“

Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans býr ekki yfir sértækum greiningar- eða meðferðarúrræðum vegna fíkniefnaneyslu. Sú staða hefur komið upp að börn eru lögð inn á geðdeildir fyrir fullorðna til meðhöndlunar, til dæmis deild 33A, sem er sérhæfð fíknigeðdeild fyrir fullorðna.

Engin slík fíknigeðdeild fyrir börn er til á Íslandi. „Það verður að koma í veg fyrir það að börnum sé blandað saman við fullorðna. Við vitum skelfileg dæmi um það að 13 ára börn eru á Vogu, ung börn eru á vímuefnadeild Landspítalans, og ung kona talaði um það að hún hefði gist í Konukoti 18 ára gömul, og í næsta rúmi hefði verið sextug kona að sprauta sig.“

Ungmenni sem glíma við tvíþættan vanda leiðast oft út í andfélagslega hegðun og komast í kast við lögin. Sum enda á götunni. „Afléiðingarnar geta verið þær að ungmenni hreinlega deyja, þau deyja í framhaldi af vímuefnaneyslu, í sjálfsvígum og svo frv. því miður. Á sex vikna tímabili núna í haust þá dóu fimm ungmenni útaf þessum vanda.“

<http://www.ruv.is/frett/born-logd-inn-a-geddeildir-fyrir-fullordna>